



Akureyri, 18. október 2024

Til þess sem málið varðar

Skíðasamband Íslands hvetur alþingi til að halda áfram óhindrað vinnu og undirbúningi að eflingu íþróttá í landinu með aukningu fjárveitinga sem í bígerð eru til íþróttá- og afreksmála í landinu. Íslendingar hafa sýnt það að við höfum burði til að eiga samkeppnisfæra einstaklinga á skíðum og snjóbrettum.

Á síðasta ári varð Ísfirðingurinn Snorri Eypór Einarsson 15. sæti á HM í Planica í Slóveníu í 50 km skíðagöngu, svo nýlegt dæmi sé tekið. Nú eigum við góðan og efnilegan hóp skíðamanna sem öll stefna á að taka þátt í næstu Ólympíuleikum, þ.m.t. Hólmfríði Dóru Friðbergsdóttur, Bjarna Þór Hauksson og Matthías Kristinsson í alpagreinum. Í skíðagöngu eru fremst í fjölmönnum og vaxandi hópi þau Kristrún Guðnadóttir og Dagur Benediktsson. Á snjóbrettum eru þær stöllur Vildís Edvinsdóttir og Anna Kamilla að stefna á leikana, svo örfá dæmi séu nefnd.

Þó að gerðar séu kröfur að okkar íþróttafólk sé samkeppnisfært við okkar keppnauta erlendis frá er morgunljóst er að okkar íþróttafólk býr ekki við sambærilegt umhverfi sem jafningjar þeirra gera í Evrópu og víðar. Því er nauðsynlegt að okkar fólk sé búin góð aðstaða og umgjörð eins og hægt er.

Aðeins eru um 15 mánuðir í næstu Vetrarólympíuleika og stutt er í að keppnistímabilið hefjist, sem er í raun það síðasta fyrir leikana 2026. Við eigum raunhæfa möguleika á að senda 4-6 keppendur á næstu Vetrarleika, en aðeins fara þeir að þeim takist að sinna fullnægjandi undirbúningi. Því er mikilvægt að keppendur í vetraríþróttagreinum séu í sem minnstri óvissu um framhaldið og að þeir geti haldið sínum undirbúningi óhindrað.

Til að ná árangri á alþjóðlegum mótum verður íslenskt skíða- og snjóbrettafólk að æfa og búa erlendis stóran hlut úr árinu ef það á að geta náð nauðsynlegum fjölda æfingadaga á snjó, sem er að lágmarki 150 dagar, helst meira. Skíðasvæðið í Bláfjöllum sem dæmi er opið að jafnaði í um 50 daga ári. Skíðasvæðin fyrir norðan kannski tvöfalt lengur. Þá eru skíðabrekkur styttri hér á landi en þarf fyrir margar greinar, snjór er yfirleitt mýkri en þarf til æfinga og keppni og veður válynd eins og allir þekkja. Svo okkar fólk sé samkeppnisfært á alþjóðlegum mótum getur árlegur kostnaður numið á bilinu 8-12 m.kr. við æfingar, mótaþátttöku, búnað (þ.m.t. 6-10 pör af skíðum), ferðalög og nauðsynlega þjálfun. Sem dæmi getur hver dagur við æfingar erlendis kostað um það bil kr. 30.000 að jafnaði. Það er því sem næst kraftaverk hve langt okkar fólk hefur náð við þær aðstæður og kostnað sem það glímur við.

Skíðasambandið leggur því áherslu á að haldið verði áfram undirbúningi að bættari umgjörð íþróttá í landinu, bæði afreks- og almenningsíþróttum. Lögð er áhersla á að vinnu starfshóps á vegum mennta- og barnamálaráðuneytinu haldi áfram og skili sinni vinnu.

Ljóst er að miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþróttafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörðina sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem við berum okkur helst saman við. Tillögurnar fela meðal annars í sér:

- Stofnun Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands. Mikilvægt hlutverk hennar er að styrkja sársambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttáþjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Þar mun starfa öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá átta ólíkum fagsviðum íþróttá.
- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.
- Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að styðja viðafreksíþróttafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.



SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

ICELANDIC SKI ASSOCIATION

- Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarpáttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þáttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.
- Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.
- Hvatakerfi sem hefur það að markmiðið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.
- Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélögunum, auk foreldrafræðslu.
- Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglunga úr íþróttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum og að störfum er þverpólitísk þingmannanefnd sem unnið hefur að málinu. Gríðarlega mikilvægt er að halda takti í þessari vinnu svo hægt verði að ná þeim árangri sem stefnt hefur verið að enda hefur mikil orka og tími farið í undirbúning þess og úrvinnslu.


Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stórukið fjármagn til málaflokksins eins og kynnt hefur verið.

Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks. Þá kemur fram í fjármálaáætlun 2025 -2029 að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.

f.h. Skíðasambands Íslands,


Bjarni Th. Bjarnason
formaður


Jónas Egilsson,
framkvæmdastjóri.

Sent eftirtöldum:

Fjárlaganefnd alþingis, umsagnir@althingi.is

Formaður fjárlaganefndar, Njáll Trausti Friðbertsson, ntf@althingi.is

Varaformaður fjárlaganefndar, Stefán Vagn Stefánsson, stefan.vagn.stefansson@althingi.is

Forsætisráðuneyti, for@for.is

Fjármálaráðuneyti, fjr@fjr.is

Mennta- og barnamálaráðuneyti mrn@mrn.is